

Fimmtudaginn 30. janúar 1997.

Nr. 470/1996.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Lahouari Sadok

(Örn Clausen hrl.)

Ávana- og fíkniefni. Sérálit.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason, Markús Sigurbjörnsson og Pétur Kr. Hafstein.

Málinu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 18. desember 1996, og krefst ákærvaldið staðfestingar héraðsdóms. Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægustu refsingar, sem lög leyfa, og þar með, að sektarrefsing verði felld niður og refsivist verulega lækkuð frá héraðsdómi.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir atvikum málsins og framburði ákærða og vitna. Ákærði hefur viðurkennt að hafa, er hann kom til landsins 12. nóvember 1996 frá Lúxemborg, haft í fórum sínum mynd í ramma, þar sem komið hafði verið fyrir vímuefnum, þ. e. 964 töflum af MDMA (3,4-metýlendíoxímetamfetamíni), öðru nafni „ecstasy“, og 58,1 g af kókaíni. Var ákærði handtekinn sama dag í Kópavogi, þar sem hann var með þremur mönnum, er lögregla fylgdist með vegna grunar um meðferð fíkniefna. Ótvírætt liggur og fyrir í málinu, að ákærði hafði hringt í einn þessara manna að utan sama dag og hann kom til landsins, svo og, að sá maður hafði 2. október 1996 sent ákærða til Hollands hollensk gyllini, að verðmæti u. þ. b. 70.000 krónur.

Ákærði hefur neitað því að hafa vitað um tilvist efnanna í rammnum, þótt hann hafi haft hugboð um, að eitthvað væri falið í honum, sem ekki væri löglegt. Skýringar hans á tildrögum þess, að hann flutti rammann til landsins, eru óljósar. Hefur hann enga viðhlítandi grein gert fyrir mönnum þeim, sem hann segir hafa afhent sér rammann, og skýringar hans á því, hvers vegna hann tók hann til flutnings, hafa verið á reiki. Sagði hann fyrst, að hann hefði tekið hlutinn til flutnings gegn gjaldi, en síðan neitaði hann því með öllu.

Þá hefur hann gert mjög óljósa grein fyrir tengslum sínum við menn hér á landi, þar á meðal þá, sem með honum voru, þegar hann var handtekinn. Skýring hans á peningasendingu til hans 2. október 1996 er ekki sannfærandi.

Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi komið hingað til lands í viðskiptaerindum vegna hugsanlegrar sölu á raftækjum. Hafði hann í förum sínum tvö pappírblöð varðandi slík tæki, og er blöðunum nánar lýst í héraðsdómi. Skipaður verjandi ákærða fyrir Hæstarétti hefur lagt fram útdrátt úr fyrirtækjaskrá verslunarráðs í Zuid-Limburg í Hollandi, þar sem fram kemur, að ákærði hafi 9. október 1996 stofnað fyrirtæki, sem starfa eigi að heildverslun og innflutningi á raftækjum. Margspurður hefur ákærði ekki gert neina grein fyrir viðskiptamönnum sínum á þessu sviði, hvorki hér á landi né erlendis.

Með framansagt í huga verður öll hegðan ákærða talin mjög tortryggileg. Skýringar hans eru óljósar og ótrúverðugar og ekki studdar gögnum eða tilvísun til manna, sem gætu rennt undir þær stöðum. Að öllu þessu athuguðu þykja ekki efni til þess, að hnekkja því mati héraðsdómara, að sannað sé, að ákærði hafi flutt ofangreind fíkniefni til landsins í því skyni að koma þeim hér til sölu og dreifingar, en hér var um mikið magn að ræða.

Hættueiginleikar kókaíns hafa lengi verið kunnir. Um hættueiginleika vímuefnisins MDMA segir m. a. svo í greinargerð dr. Þorkels Jóhannessonar, yfirmanns Rannsóknastofu í lyfjafræði, til lögreglustjórans í Reykjavík 22. febrúar 1996: „MDMA og skyld efni eru greinilega tiltölulega ný hér á fíkniefnamarkaði. Efni þessi, sér í lagi MDMA sjálft, hafa mjög flókna verkun, sem annars vegar er amfetamínlík, en hins vegar lýsergíðlík. MDMA er greinilega hættulegri vímogjafi en bæði amfetamín og lýsergíð og sér í lagi, ef tekið er tillit til bráðra og banvænna eituráhrifa. . . . Ef MDMA á eftir að breiðast út hér á landi, er viðbúið, að það leiði af sér fleiri bráð eitrunartilfelli en þekkist eftir amfetamín eða lýsergíð og mörg dauðsföll að auki. Við þetta bætist svo, að MDMA getur valdið langvarandi truflunum í starfsemi miðtaugakerfisins engu síður en amfetamín og lýsergíð, svo sem áður er nefnt. MDMA er samkvæmt framansögðu einn vafasamasti, ef ekki langvafasamasti vímogjafi, sem skotið hefur upp kollinum á fíkniefnamarkaði hér á landi.“

Pegar litið er til framanritaðs, er fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms, að atferli ákærða varði við 2. mgr., sbr. 1. mgr. 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Við ákvörðun refsingar ber að hafa í huga, að með atferli sínu stefndi ákærði að því að koma í dreifingu hér á landi miklu magni hættulegra vímuefna. Aðferðin við innflutning efnanna bar vott um þaulskipulagt brot, en þeim hafði hugvitssamlega verið komið fyrir í myndramma, sem pakkaður var inn í gjafapappír. Að þessu virtu og með hliðsjón einkum af 1., 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga verður ákvörðun héraðsdóms um sex ára fangelsisvist ákærða ekki haggð. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist hans frá 13. nóvember 1996. Með hliðsjón af því, að umrædd efni komust ekki til dreifingar, þykir mega þar við sitja, og verður ákærða því ekki gerð sektarrefsing.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku framangreindra efna verður staðfest svo og málskostnaðarákvæði hans. Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, eins og í dómsorði segir.

Hrafn Bragason og Hjörtur Torfason gera þá athugasemd, að þeim þyki nægilegt og betur í samræmi við dómafordæmi að ákveða refsingu ákærða fimm ára fangelsi.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lahouari Sadok, sæti fangelsi í 6 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 13. nóvember 1996 komi til frádráttar refsingu.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um upptöku efna og sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 13. desember 1996.

Ár 1996, föstudaginn 13. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Péttri Guðgeirssyni

héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 960/1996: Ákærvaldið gegn Lahouari Sadok, sem tekið var til dóms 11. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 5. desember sl., á hendur ákærða, Lahouari Sadok, fæddum 13. júlí 1967 í Oran í Alsír, til heimilis í Maastricht í Hollandi, „fyrir að hafa 12. nóvember 1996 við komu til Keflavíkurflugvallar frá Lúxemborg flutt með sér hingað til lands í hagnaðarskyni, falið í myndaramma, samtals 964 töflur með vímuefninu MDMA (3,4-metýlendíoxímefetamíni) og 58,1 g af kókaíni, sem hvort tveggja þykir hafa verið ætlað til sölu hér á landi, og var ákærði handtekinn sama dag með efnin í vörslum sínum við Ástún 8 í Kópavogi.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 64/1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að framangreind fíkniefni, sem hald var lagt á, verði gerð upptæk samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16/1986“.

Málavextir.

Í nóvembermánuði síðastliðnum voru lögreglumenn að fylgjast með manni að nafni Sigurður Sigurðarson, kt. 250770-529, Ástúni 8 í Kópavogi. Tilefnið var, að þær vísbendingar höfðu borist lögreglu, að Sigurður þessi stæði í því að dreifa fíkniefnum, og þess getið, að von væri á stórri sendingu fíkniefna til landsins með hollenskum manni að nafni Lawro Janfranko. Hefði maður þessi komist í kynni við Íslendinga í Benidorm á Spáni í sum-ar. Hefði hann komið til landsins fyrr í haust og þá birst mynd í dagblaði af honum og þremur íslenskum piltum, sem hann hefði kynnst í Benidorm og bendlaðir væru við fíkniefni. Var myndin tekin, þar sem þeir voru að skemmta sér á veitingastað hér í borg. Lögreglumenn handtóku nefndan Sigurð við fyrrgreint heimili hans rétt fyrir kl. 18 þriðjudaginn 12. nóvember svo og ákærða og tvo aðra menn, íslenska, Brynjúlf Guðmundsson, kt. 060373-310, og Gunnar Sverri Harðarson, kt. 080478-445.

Ákærði hafði komið til landsins með flugi frá Lúxemborg síðdegis þennan sama dag, og var farangur hans í bifreið Sigurðar, sem hafði sótt hann út á Keflavíkurflugvöll. Við leit í farangrinum fannst innrömmuð mynd, pökk-uð í gjafapappír. Við nánari athugun á henni kom í ljós, að í rammanum voru falin fíkniefni, 58,1 g af kókaíni og 964 töflur af efninu 3,4-metýlendíoxý-metamfetamíni (MDMA). Alkunnugt er, að bæði þessi fíkniefni eru mjög hættuleg. Þá var í farangri ákærða pakki með leikfangabíl, og var hann bundinn með sams konar borða og pakkinn með myndinni. Fyrir liggur, að ákærði kom til landsins 24. september sl. og fór af landi brott 1. októ-

ber sl. Í fórum ákærða var farsími, og í minni hans var símanúmer téðs Sigurðar auk þriggja annarra númera hér á landi. Í málinu eru gögn, sem sýna, að Sigurður þessi hefur símsent ákærða 1.775,78 hollensk gyllini 2. október sl., andvirði 70.000 króna. Loks er þess að geta, að ákærði var með í fórum sínum tvö pappírblöð, annað verðlisti yfir raf- eða hljómflutningsbúnað, prentaður öðrum megin, en handritaður á bakhlið og undirritaður með nafninu P. Schroeders. Er lesmálið á blaði þessu á hollensku. Hitt blaðið er ljósrit með myndum af þremur gerðum hljómflutningstækja og handrituðum upplýsingum um þau.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu þennan sama dag með aðstoð dóm-túlks og að viðstöddum réttargæslumanni eins og ávallt eftir það. Hann kvaðst vera kominn til landsins í viðskiptaerindum, en hafa verið beðinn að flytja myndina til landsins fyrir borgun í leiðinni, og hefði hann átt að fá 1500 gyllini fyrir ómakið. Hefði útlent fólk keypt fyrir sig farseðilinn og beðið sig fyrir pakkann. Átti hann að afhenda pakkann stúlku á veitingastofunni Astró eftir miðnætti næsta föstudag. Stúlkan hétu Eva og væri með dökkt, sítt hár. Myndi hún bera kennsl á sig og gefa sig fram við sig þar. Hann sagði íslenskan mann, sem hann hefði kynnst á Spáni í sumar, hafa kynnt sig fyrir þessu fólki. Hann kvaðst hafa treyst þessu fólki, enda hefði það sagt, að engin áhætta væri fólgin í þessu fyrir hann. Hann hefði þó vitað, að eitthvað ólöglegt væri í myndarammanum, fíkniefni eins og hvað annað, s. s. demantar. Ekki vildi hann segja til fólksins, þar sem hann óttaðist þá um fjölskyldu sína, og ekki heldur, hver hefði sótt sig á flugvöllinn. Fram er komið, að gangverð á einni MDMA-töflu muni vera 3–5000 krónur og kókaíngrammið seljist fyrir allt að 12000 krónur.

Ákærði kom fyrir dóm daginn eftir vegna kröfu um, að hann yrði látinn sæta gæsluvarðhaldi. Kvaðst hann þá ekki hafa vitað, að pakki sá, sem hann tók að sér að flytja til landsins, hefði að geyma fíkniefni, en þar sem hann hefði fengið greitt fyrir flutning á honum, hefði sig grunað, að eitthvað ólöglegt væri á seyði. Kvaðst hann hafa komið til landsins í viðskiptaerindum og hefði í fórum sínum símbref til sönnunar því. Hann neitaði að skýra frá því, hverjir hefðu beðið sig fyrir sendinguna til Íslands, en sagði það vera mjög áhrifamikla menn í Hollandi, og hefði hann því ekki haft bein samskipti við þá, heldur um milliliði, sem hefðu komið á veitingahúsið, þar sem hann vinni. Væru þeir ekki Íslendingar. Þá ítrekaði hann frásögn sína af stúlkunni Evu. Hann kvaðst hafa átt að afhenda stúlkunni myndina í um-búðunum, en hann hefði séð myndina, áður en henni var pakkað inn. Hann kvaðst aðeins þekkja einn af mönnum þremur, sem voru með sér, þegar hann var handtekinn, Guðna að nafni. Hina tvo þekki hann ekki, en hafi þó

séð annan þeirra áður í „partíum“ og hefði hann sótt sig út á flugvöll í Fíat-bíl. Hann kveðst einu sinni áður hafa komið til Íslands, fyrir u. þ. b. tveimur mánuðum, í viðskiptaerindum, en hann hafi í hyggju að hefja innflutning á sjónvörpum, gervihnattadiskum og fleira. Hefði hann því verið að kanna hér á landi, hver væru aðflutningsgjöld af slíkum vörum. Hann vildi láta það koma fram, að hann hefði orðið skelfingu lostinn, þegar hann komst að því, að þeir, sem báðu hann fyrir sendinguna til Íslands, vissu, að hann hefði verið á Íslandi áður og ætti nú enn erindi til Íslands. Hefðu þeir boðið sér 1500 gyllini fyrir viðvikið. Hann kvaðst hafa ætlað að eiga viðskipti um innflutning á rafeindatækjum við mann, sem hétu Hörður. Ekki kvaðst hann vita frekari deili á honum, en hefði upplýsingar um hann í tösku sinni, sbr. blöðin hér að ofan. Ákærði var spurður, hvort Hörður hefði vitað af komu hans til landsins nú, og kvaðst hann hafa sent Herði símbréf á vinnustað föður hans, en þeim ekki verið svarað. Hann hefði þá talað við móður Harðar í síma og fengið þær upplýsingar, að hann væri á sjó. Hefði hann ætlað að taka niður pantanir hjá Herði á rafmagnstækjum til þess að flytja til landsins, en ekkert orðið úr því vegna þessa. Þá var hann spurður, hvers vegna Sigurður hefði sótt hann á flugvöllinn, úr því að hann hefði ætlað að hitta Hörð. Gaf hann þá skýringu, að hann hefði ætlað að koma Herði á óvart, og auk þess hefði Hörður ekki verið í landi. Hann kvað þá Sigurð og Hörð ekki þekkja. Hann kannaðist við að hafa hringt í Sigurð og beðið hann að sækja sig á flugvöllinn. Hefði hann ekki viljað segja frá Sigurði hjá lögreglu daginn áður, þar sem hann hafi verið var um sig.

Ákærði var yfirheyrður að nýju hjá lögreglu 17. nóvember sl. Sagði hann það þá fyrir misskilning, að í fyrri lögregluskýrslu af sér stæði, að íslenskur maður á Spáni hefði kynnt sig fólkinu, sem bað sig fyrir pakkann. Hann hefði kynnt fólkinu, þegar það fór að venja komur sínar á veitingastaðinn, þar sem ákærði vinnur, tveimur til þremur mánuðum áður. Væru það þrenn hjón á aldrinum 28–40 ára, vel til fara, sem fengju sér dýra rétti og gæfu ríkulegt þjóf fé. Hefði borist í tal við fólkið, að hann hefði áhuga á því að fara út í útflutning á rafeindavörum. Síðastliðinn sunnudag hefði einn af þessu fólki komið að finna sig á veitingahúsið og spurt, hvenær hann færi næst til Íslands. Hefði hann sagt honum það og maðurinn þá beðið sig fyrir pakka til stúlku á Íslandi, sem honum þætti mjög vænt um. Myndi stúlkann, Eva, þekkja ákærða í sjón. Maðurinn hefði síðan komið að finna sig daginn eftir og afhent plastpoka með pakkanum í. Maðurinn hefði afhent ákærða 1500 gyllini og sagt, að hann gerði sér mikinn greiða með því að taka að sér þetta viðvik. Einnig hefði hann sagt, að hann mætti opna pakkann og skoða innihaldið og fullvissa sig um, að allt væri í lagi. Kvaðst ákærði hafa gert

það og tekið glerið úr rammanum. Hefði þá ýmislegt hvarflað að sér, svo sem það, að myndin væri stolin eða í henni væru demantar. Þá sagði ákærði, að maðurinn hefði pantað flugfarið fyrir sig úr farsíma að sér viðstöddum, og hefði hann fengið sér 25.000 belgíska franka fyrir fargjaldinu. Ákærði gaf þá skýringu á pakkanum með leikfangabílum, að hann hefði keypt hann í afmælisgjöf handa dóttur sinni í Hollandi, og kynni hún að hafa sett hann í töskuna.

Ákærði var enn að nýju yfirheyrður hjá lögreglu 27. f. m. og sagði þá m. a., að peningasendingin frá Sigurði væri fé, sem hann ætti sjálfur, en ekki getað tekið með sér, þegar hann fór héðan af landi brott. Væru engin viðskipti á bak við hana. Hann kvaðst vera í viðskiptasamböndum í Frakklandi með rafeindatæki.

Við meðferð málsins fyrir dómi hefur ákærði sagt, að hann hafi haft hugboð um það í upphafi, að eitthvað gæti verið falið í myndarammanum, sem ekki væri löglegt. Hann hafi því opnað pakkann og athugað myndina með því að taka gler og mynd úr rammanum, en ekki fundið neitt athugavert. Ákærði segir, að tveir viðskiptavina sinna í Maastricht hafi beðið sig fyrir pakkann til Íslands. Hafi ekkert verið talað um, að hann fengi þóknun eða umbun fyrir það. Hann segist annars hafa komið hingað til lands til þess að koma á fót inn- og útflutningsverslun. Hafi hann einkum verið með hugann við hátalara í bíla.

Ákærði segist vera reiðubúinn að gefa upp nöfn þessa fólks, sem lét sig hafa pakkann, við lögregluþyrirvöld í Hollandi, ef hann fái tryggingu fyrir því, að fjölskylda sín verði vernduð fyrir hefndaraðgerðum og fólki þetta látið gjalda fyrir gerðir sínar. Ákærði hefur verið spurður út í það, hvers vegna hann hafi breytt framburði sínum um greiðslu fyrir ferðina. Hann segist hafa borið svo hjá lögreglunni í upphafi til þess að sannfæra lögreglu um, að hann væri saklaus. Þá hefur hann tekið fram, að hann hafi sagt við lögreglu, þegar hann var handtekinn, að hann væri fús að ljúka sendiferðinni og afhenda þeim pakkann, sem átti að fá hann, svo að unnt væri að upplýsa málið og koma upp um hin seku.

Sigurður Sigurðarson, sem fyrr er nefndur, neitaði því, þegar hann var yfirheyrður í dómi 13. nóvember sl., að eiga nokkurn hlut að innflutningi fíkniefnanna. Hann kvaðst þekkja ákærða og hafa kynnst honum fyrir u. þ. b. tveimur mánuðum, þegar ákærði var staddur hér á landi. Hefði Gunnar Sverrir kynnt þá, er Gunnar muni hafa kynnst ákærða á Spáni. Kvaðst hann þá hafa boðið honum heim til sín og ekið honum út á flugvöll, þegar hann fór úr landi. Kvað hann ákærða hafa haft samband við sig fyrir nokkrum dögum og sagst vera á leið til landsins. Hafi hann síðan hringt til

sín að utan 12. f. m. og beðið um að verða sóttur. Hann kvaðst ekki vita, í hvaða erindagiörðum ákærði hefði verið hér á landi í síðustu ferð sinni, en búast við, að ferð hans nú væri skemmtiferð. Hefði staðið til að útvega ákærða gistiþláss á gistiheimili, og hefðu þeir verið á leiðinni út til þess, þegar þeir voru handteknir. Sigurður kvaðst ekki kannast við mann að nafni Hörð.

Brynjúlfur Guðmundsson, sem býr hjá Sigurði, neitaði því, þegar hann var yfirheyrður í dómi 13. nóvember sl., að eiga nokkurn hlut að innflutningi fíkniefnanna. Kvaðst hann hafa séð ákærða í fyrsta sinn daginn áður á bílastæðinu fyrir utan Ástún 8, kvaðst hafa komið þangað akandi í því skyni að skipta um föt, áður en hann héldi til vinnu, og hefði þá Sigurður komið þar að í bifreið bróður síns ásamt Hollendingnum. Hefðu þeir síðan farið saman inn. Kveðst hann ekki hafa vitað, að von væri á Hollendingnum til landsins. Hafi Sigurður beðið sig að panta fyrir hann þláss á gistiheimili og hann gert það. Hafi Gunnar Sverrir komið í heimsókn, en þeir Sigurður hafi ætlað í „World Class“ í lyftingar, en sjálfur hafi hann verið á leið til vinnu á Vitabar.

Gunnar Sverrir Harðarson neitaði því, þegar hann var yfirheyrður í dómi 13. nóvember sl., að eiga nokkurn hlut að innflutningi fíkniefnanna. Hann kvaðst hafa kynnst ákærða í Benidorm sl. sumar, þar sem hann vann á skemmtistað. Þá kannaðist hann við að hafa hitt hann á skemmtistaðnum Tunglinu fyrr í haust, en þeir ekki gert annað en að heilsast. Hann kvaðst ekki vita til þess, að Sigurður Sigurðarson og ákærði þekktust. Hann sagðist hafa komið heim til Sigurðar í Ástún 8 daginn áður með myndbandsspólu, sem þeir hefðu ætlað að horfa á. Hefði ákærði þá verið hjá Sigurði og þeir síðan ætlað að innrita hann á gistihús. Síðan hefðu þeir Sigurður annaðhvort ætlað að fara heim aftur og horfa á myndband eða fara í líkamsræktarstöðina „World Class“. Hann kvaðst ekki vita, í hvaða tilgangi ákærði hefði verið hér á ferð fyrir í haust. Þá kvaðst hann ekki hafa kynnt ákærða neinum Íslendingum í Benidorm. Hann kvað hugsanlegt, að hann hefði kynnt þá í Tunglinu, þótt hann myndi ekki sérstaklega eftir því. Ekki kvaðst hann hafa vitað, að Sigurður hefði sótt ákærða út á flugvöll.

Niðurstaða.

Ákærði hefur viðurkennt, að sig hafi grunað, að eitthvað ólöglegt væri falið í myndinni, sem hann flutti með sér til landsins, en framburður hans verið óstöðugur um ýmis atriði. Þá er frásögn hans um tilganginn með ferðinni hingað til lands harla ótrúverðug og engin trúleg gögn eða vitnisburðir í málinu, sem styðja hana. Telur dómarrinn, að hún sé yfirvarp eitt og að ákærði hafi vitað, hvað væri fólgið í myndarammanum, bæði hve mikið væri

þar af fíkniefnum, hve hættuleg þau væru, og eins, að þau væru flutt inn til þess að verða seld mörgum mönnum gegn verulegu gjaldi. Hefur ákærði gerst sekur um brot gegn 2. mgr., sbr. 1. mgr. 173. gr. a í almennum hegningarlögum.

Refsing ákærða þykir vera hæfilega ákveðin fangelsi í sex ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt frá 13. nóvember sl., 30 daga. Þá ber með hliðsjón af ábatanum, sem að var stefnt, og með heimild í 49. gr. almennra hegningarlaga að gera ákærða að greiða 2.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs, og komi fjögurra mánaða fangelsi hennar í stað, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá dómsbirtingu.

Þá ber samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 að dæma ákærða til þess að þola upptöku á 964 töflum af MDMA og 58,1 g af kókaíni.

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda, Brynjars Níelssonar hdl., 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Lahouari Sadok, sæti fangelsi í 6 ár. Frá refsingunni dregst 30 daga gæsluvarðhaldsvist hans.

Ákærði greiði 2.000.000 króna í sekt til ríkissjóðs, og komi 4 mánaða fangelsi í hennar stað, greiðist hún ekki innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Ákærði þoli upptöku á 964 töflum af MDMA og 58,1 g af kókaíni.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda, Brynjars Níelssonar héraðsdómslögmanns, 50.000 krónur.
